

Vinnusóttkví – almennar leiðbeiningar

Umsækjendur um vinnusóttkví fyrir starfsfólk/verktaka sem kemur erlendis frá eru ábyrgir fyrir að aðstæður á vinnustað uppfylli sóttvarnarreglur og að sjá til þess að starfsfólk fari eftir tilskyldum sóttvarnarreglum.

Almennar sóttvarnir við vinnusóttkví

1. Starfsmaður í vinnusóttkví skal fara í PCR sýnatöku við komu til landsins og hlaða niður smitrakningarappi almannavarna. Ekki má hefja störf í vinnusóttkví fyrr en neikvæð niðurstaða sýnatöku liggur fyrir.
2. Ávallt skal virða gildandi [nálægðarmörk](#) bæði af starfsfólki í sóttkví sem og samstarfsfólki.
3. Starfsmaður í vinnusóttkví og samstarfsfólk skal hafa kynnt sér viðeigandi sóttvarnarelgur skv. tilmælum sóttvarnalæknis.
4. Allir sem málið varðar, s.s. samstarfsfólk og [þjónustuaðilar](#) skulu vera upplýstir um að vinnusóttkví.
5. Nota skal [andlitsgrímur](#) í almennum rýmum þar sem ekki er hægt að gæta nálægðarmarkna svo sem á leið til og frá vinnu, ef viðkomandi þarf að fara um almenningsrými eða að taka leigubíl.
6. Starfsmaður sinnir handhreinsun skv. [grundvallarsmitgát](#) að lágmarki fyrir og eftir umgengni um sameiginleg rými, fyrir og eftir notkun búnaðar á vinnustað, fyrir og eftir salernisferðir, fyrir og eftir neyslu matvæla. Ef hanskar eru notaðir við störf (vinnuhanskar eða einnota hanskar) þarf að sinna handhreinsun fyrir og eftir notkun hanska. Sjá [leiðbeiningar um skynsamlega notkun hanska](#)
7. Utan vinnustaðar gilda [almennar reglur um sóttkví](#).

Nánari leiðbeiningar um vinnusóttkví

1. Starfsfólk í vinnusóttkví skal hafa sér vistarverur, þ.e. gista í sér herbergjum, með sér hreinlætisaðstöðu og sér aðstöðu til að matast og skal vinnuveitandi útvega og senda nauðsynleg aðföng, sbr. hreinlætisvörur og matvæli. Á vinnustað þarf að vera sér aðstaða til að matast og hvílast sem og sér hreinlætisaðstaða.
2. Geyma skal allar eigur eða búnað þess sem er í vinnusóttkví í vistarverum hans en ekki í anddyri eða öðrum sameiginlegum rýmum húsnæðis.



3. Takmarka þarf aðgang að sameiginlegum rýmum eins og kostur er og skal sá sem er í vinnusóttkví forðast að snerta það sem aðrir nota í sameiginlegum rýmum nema það sé sótthreinsað strax á eftir, sbr. hurðarhúnar, ljósrofar o.þ.h.
4. Fólk í vinnusóttkví skal halda sig á fyrirfram skilgreindri starfsstöð á meðan á vinnusóttkví stendur og ekki ganga um vinnustað á meðan annað starfsfólk er að störfum. Ónauðsynlegar sýnisferðir um vinnustað eru óæskilegar á meðan á vinnusóttkví stendur.
5. Fundahald með fólki í vinnusóttkví er að öllu jöfnu óæskilegt. Ef hjá því verður ekki komist skal upplýsa alla fyrirfram sem boðaðir eru til fundarins um einstakling í vinnusóttkví og fá heimild frá yfirmönnum þeirra. Gæta skal þess að fundarrými sé nógu stórt til að mögulegt sé að virða gildandi [nálægðarmörk](#) milli fundarmanna og að a.m.k. 2 metrar verði milli sendinefndar sem er í sóttkví og þeirra sem eru ekki í sóttkví. Rýmið skal vera vel loftræst og með góða hljóðvist svo fundarmenn þurfi ekki brýna raustina. Andlitsgrímur og sótthreinsiefni verði notuð á fundinum. Tryggja skal að fundarfólk í sóttkví deili ekki borðbúnaði með öðrum og hafi aðgang að sér aðstöðu til að matast, hvílast og sér hreinlætisaðstöðu. Þá skulu [þjónustuaðilar](#) vera upplýstir um sóttkví.
6. Fólk í vinnusóttkví er ekki heimilt að umgangast almenna borgara á förnum vegi eða að fara á veitingastaði eða kaffihús. Gangna skal með andlitsgrímur og sótthreinsa hendur og snertifleti ef farið er um almenningsrými og dvelja þar eins stutt og verða má.
7. Tryggja skal öruggan ferðamáta starfsfólks í vinnusóttkví. Ekki er leyfilegt að fólk í vinnusóttkví noti almenningsgöngur, t.d. áætlunarflug innanlands eða strætisvagna, en leyfilegt er að nota bílaleigubíla eða leigubíla að því tilskyldu að tilkynnt sé um sóttkví um leið og bíll er pantaður. Ef farið er um langan veg skal forðast að staldra við þar sem fólk kemur saman. Ef nauðsynlegt er að fara um borð í ferju skal upplýsa fyrirtækið um vinnusóttkví.

Ef grunur vaknar við minnstu flensueinkenni má starfsmaður ekki mæta á vinnustað. Láta skal yfirmann vita, halda til í vistarverum sóttkvíar og hafa samband við heilsugæslu. Upplýsingar um einkenni og viðbrögð eru á [covid.is](#).

Ef upp kemur smit falla skilyrði fyrir vinnusóttkví úr gildi, sá sýkti fer í einangrun og tengdir aðilar í sóttkví.

Ef upp kemst um brot á reglum um sóttkví við þessar aðstæður verður leyfi fyrir vinnusóttkví dregin til baka. Brot á sóttvarnalögum og reglum settum skv. þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum, skv. 19. gr. laga nr. 19/1997.

[Upplýsingar um gildandi samkomutakmarkanir og nálægðarmörk má sjá á \[covid.is\]\(#\)](#)

[Almennar reglur um sóttkví](#)